



Sveitarstjórnarfundur 4-2023
Skagabúð 08.júní 2023 kl 13:00

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.

Dagskrá og afgreiðsla fundarins

1. Úrgangsmál - útboðsgögn og rotþrær

Fyrir fundinum lágu útboðsgögn sem unnin voru af verkfræðistofunni Eflu, engar athugasemdir voru gerðar við gögnin. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að senda þau í auglýsingu.

Ákveðið að leita tilboða til að semja við aðila um tæmingu rotþróa.

2. Kálfshamarsvík

Fyrir fundinum lágu athugasemdir frá Skipulagsstofnun dagsettar 19. maí 2023 varðandi deiliskipulagið, fyrir lágu drög að svörum sem eru samþykkt af sveitarstjórn og oddvita falið að koma þeim á framfæri við Skipulagsstofnun í samráði við Landslag og Skipulagsfulltrúa.

3. Vinnuskóli Skagabyggðar

Vinnuskóli Skagabyggðar mun hefja störf á þriðjudaginn 13. júní. Gert er ráð fyrir að hópur sumarstarfsmanna frá Landsvirkjun muni koma og vinna með okkar fólki bæði í verkefnum í Kálfshamarsvík og Fossárrétt.

4. Samningur um gagnkvæma aðstoð slökkviliða

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um gagnkvæma aðstoð við brunavarnir Skagafjarðar. Fram kemur í samningnum að aðilar séu sammála um að beita ekki 3. mgr.20. gr laga nr 75/2000 með síðari breytingum þar sem mælt er fyrir um að það sveitarfélag sem nýtur aðstoðar greiði kostnað við hana. Verður gagnkvæm aðstoð samkvæmt samningi því veitt án endurgjalds. Var slökkviliðsstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

5. Bréf

a) Erindi Vignir Björnsson

Í bréfinu er óskað eftir að sveitarstjórn greiði 12 þúsund kr fyrir hvern ref veiddan að vetri. Erindi hafnað með vísun í fundargerð sveitarstjórnar frá 10. nóvember 2022.

b) Vinum íslenskrar náttúru

Með bréfinu er verið að benda á ábyrgð sveitarfélaga við áhrifa af staðsetningu skóga, samþykkt að vísa erindinu til Skipulagsnefndar.

c) Innviðaráðuneytinu - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Með bréfinu er verið að hvetja sveitarstjórnir til að sýna varkárni í fjárfestingum og skylda sveitarfélaga að fá mat á áhrifum framkvæmda og skuldbindinga sem nema hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum.

d) Ámundakinn, aðalfundarboð

Með bréfinu er kynnt að aðalfundur Ámundakinnar sé 14. júní í Eyvindarstofu

e) Snarfari Skagaströnd

Með bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi við að setja þak á núverandi hringgerði.

Ákveðið að styrkja bygginguna um 200.000. kr

6. Fundargerðir



a) Fundargerðir 925-928. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðir voru til kynningar

b) Fundargerð 94. fundar SSNV

Fundargerð var til kynningar

c) Fundargerð 110. fundar Norðurá bs

Fundargerð var til kynningar

7. Önnur mál

a) Fræðsluferð til Skotlands

SSNV hefur skipulagt í samstarfi við SSV fræðsluferð sveitarstjórnarmanna til Skotlands. Ákveðið hefur verið að 3 sveitarstjórnarmenn Skagabyggðar fari fyrir hönd Skagabyggðar og deilir Skagabyggð og SSNV ferðakostnaði, dagpeningar verða ekki greiddir.

b) Svar við fyrirspurn sveitastjórna í Húnabyggð, Skagabyggð og Skagafirði vegna girðinga á Þverárfjallsvegi

Svar hefur borist frá Vegagerðinni vegna erindis um girðingu meðfram veginum yfir Þverárfjall, þar sem því er hafnað að girða meðfram veginum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:05

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson